



Fundargerð

Staður og tími: Engjavegur 6 og Zoom, 20. september 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS og, Baldvin Hansson (BH).

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA)

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS) og Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) aðalmenn og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Beiðni frá BÍKR að halda keppni á RIG 2023

Kolbrún Vignisdóttir, fyrir hönd Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur, hefur óskað eftir að halda keppni í rally 4. febrúar 2023, sem yrði hluti af Reykjavík International Games / RIG.

Ákveðið að kanna með kostnað og fleira og taka ákvörðun að þeim upplýsingum fengnum.

2. Úttektir á brautum og keppnissvæðum

HKS leggur til að útbúið verði ferli sem nær yfir samþykktir á nýjum keppnisbrautum og úttektir eða viðurkenningar á núverandi brautum og keppnissvæðum. Lagðir voru fram vinnupunktur HKS og BH sem gætu nýst sem grunnur að reglum og eins hefur verið óskað eftir upplýsingum hvernig þessum málum er háttað á hinum Norðurlöndunum.

Ákveðið að HKS, BH og AS vinni málið lengra og leggi fyrir stjórn á ný síðar.

3. Valnefnd vegna tilnefningar á akstursípróttafólki ársins

Nefndin er enn ekki fullskipuð, vantar einn aðila. HKS vinnur í að klára málið.

4. Rafbílar í keppni

Ýmsir aðilar hafa lýst yfir áhyggjum sínum vegna þátttöku rafknúinna ökutækja í keppni, ekki síst út frá öryggismálum. Fyrir liggur að FIA ráðleggur eindregið ýmiskonar viðbúnað og undirbúning áður en rafknúin tæki fá að keppa.

Ákveðið að óska eftir við öryggisráð að koma fram með tillögur um málið í samvinnu við framkvæmdastjóra.

5. Lokahóf og afmælishátíð

Undirbúningur gengur vel, lögð voru fram drög að dagskrá og kostnaðaráætlun sem rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins.

Samþykkt að klára málið í samræmi við framlögð gögn.



6. Keppnisráð

Formaður og framkvæmdastjóri héldu fund með öllum keppnisráðum 15. sept. á Zoom. Þátttaka var mjög dræm, t.d. mættu engir fulltrúar frá tveimur keppnisráðum.

Ákveðið að skipa Halldór Jóhannsson í keppisráðið í drifti fyrir hönd AKÍS.

7. Vinnuhópur um fjölmiðlamál

Hópurinn hefur hafið störf. Ákveðið að skipa Halldór Hauksson í hópinn í stað Aðalsteins Símonarsonar sem hefur dregið sig úr hópnum.

8. Önnur mál

Mótorsport Games - Ísland á fulltrúa á leikunum, [Hákon Jökulsson](#), sem keppa mun í hermikappakstri. HKS leggur til að AKÍS kosti einkennisfatnað fyrir hann, merktan AKÍS og Íslandi. Tillagan var samþykkt, HKS falið að klára málið.

Formannafundur - Formaður og framkvæmdastjóri eru að undirbúa fundinn. Ákveðið að hefja fundinn kl. 10.

Hjól í spyrnukeppnum - Umræða hefur verið við MSÍ um þátttöku mótórhjóra og fjórhjóra í spyrnu og hvort AKÍS eða MSÍ eigi að fara með mótahald og útnefningu Íslandsmeistara. Ákveðið að HKS og BÞB skoði málið og verði í sambandi við MSÍ.

Fundi slitið kl. 19.49.

Næsti fundur vinnufundur stjórnar 27. september 2022 kl. 18 á Engjavegi 6.